# Skipulag hafnarsvæða á Ísafirði
## Hugleiðingar um nálgun verkefnis

Gunnar Páll Eydal

22. apríl 2020

# Yfirlit

Tilgangur og markmið verkefnis

Gildandi skipulag

Nýting í dag

Þróun og tækifæri

Fyrirliggjandi gögn

Samræmi við aðrar stefnur

Vinnufundur hafnarstjórnar – pælingar um útfærslu

Áframhaldandi vinna

# Hafnarsvæðin - stefna

## Tilgangur

Að endurskoða stefnu og skipulag á hafnarsvæðum á Ísafirði

- Breyttar aðstæður frá því að gildandi aðalskipulag var samþykkt
- Vinna við nýtt skipulag í gangi

## Markmið

Að höfnin geti þjónað fjölbreyttri flóru skipa og báta og þannig eflt atvinnulíf og aukið lífsgæði íbúa

Að samræma nýtingu og uppbyggingu á hafnarsvæðum í sátt við notendur og íbúa

# Gildandi skipulag og þróun




*Aðalskipulag 2008-2020*
Hafnir í sveitarfélaginu byggðust upp á tímum mikilla umsvifa í sjávarútvegi en umsvifin í sjávarútvegi hafa bæði minnkað og breyst.
Hafnarsvæðin eru vannýtt – aðalskipulaginu er ætlað að bæta nýtinguna, m.a með betri tengslum hafnarsvæða við ferðaþjónustu.
Lögð er áhersla á bætta og fjölbreyttari þjónustu hafnarinnar á Ísafirði þannig að hún þjóni þörfum sjávarútvegsins en einnig þörfum annarra atvinnugreina, eins og vöruflutningum og ferðaþjónustu.

# Aðalskipulag 2008-2020

## Markmið aðalskipulagsins m.t.t. hafnarsvæða:

- Aðstaða Hafna Ísafjarðarbæjar miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöru- og farþegaflutninga.
- Í sveitarfélaginu verði fyrirmyndaraðstaða fyrir smábáta.
- Aðstaða í Ísafjarðarhöfn verði bætt þannig að skemmtiferðaskip geti siglt inn á Pollinn og lagst við Ásgeirsbakka.
- Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði bætt, þannig að hún verði til fyrirmyndar.
- Aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur-Grænlandi.
- Hafnarmannvirkjum verði haldið við þrátt fyrir tímabundinn samdrátt.
- Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.

# Deiliskipulag

## Uppbygging

Lenging hafnarkants

Flóðamat til grundvallar

Byggingar á Suðurtanga

Má búast við uppbyggingu

í kjölfar eldisleyfa (atvinnulíf og

aukin tiltrú almennings)

Ferðaþjónusta



# Nýting vs. skipulag

Áhugavert væri að bera saman nýtingu í dag við fyrirhugaða nýtingu í gildandi aðalskipulagi

Hvað viljum við?

Við setjum <u>stefnu</u>

Gerum ekki <u>spá</u>



# Mat á umhverfisáhrifum – dýpkun við Sundabakka




## Kostur A

Dýpkun í 11 m á 112.000 m$^2$ svæði
300 m lenging á stálþilskanti með 11 m hönnunardýpi
26.000 m$^2$ og 90.000 m$^3$ landfyllingu

Aðstaðan verður fullnægjandi fyrir stærstu skip sem fyrirsjáanlegt er að muni koma að höfninni í náinni framtíð.

VERKÍS

# Þróun

Veruleg fjölgun skemmtiferðaskipa

Mikill vöxtur í ferðaþjónustu

Stór áform um fiskeldi

Breytingar og sveiflur í afla

Rafvæðing hafna

Eldsneyti skipa – breytingar í innviðum

Spennandi tækifæri – nýting auðlinda sjávar

Skipulag strandsvæða

ÓVISSA

**Gott skipulag**

Seigla og sveigja

# Gögn til grundvallar stefnu

**Fyrirliggjandi gögn** sem nýtast við stefnumótunina

Majid Eskafi – doktorsverkefni í samvinnu við höfnina

Gildandi aðalskipulag

Deiliskipulag fyrir Suðurtangann

Sundabakki – mat á umhverfisáhrifum (í vinnslu)

Pollskýrslan

Skýrsla um skemmtiferðaskip

Mat á flóðahættu á Suðurtanga (Björn Erlingsson - Veðurstofan)

Greininga einnig þörf

# Samræmi við aðrar stefnur

## Aðalskipulag þarf að vera í samræma við aðrar stefnur og áætlanir

Dæmi

- Landsskipulagsstefna
- Byggðaáætlun
- Samgönguáætlun
- Áfangastaðaáætlun (ferðaþjónusta)
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum
- Kerfisáætlun Landsnets

# Fyrsta skref hafnarstjórnar

## Vinnufundur hafnarstjórnar

Á fundi hafnarstjórnar væri gott að fara yfir

- ✓Núverandi skipulag
- ✓Þróun síðustu 10 ára og nýtingu hafna í dag
- ✓Framtíðarhorfur
- ✓Áskoranir í dag
- ✓Mögulegar lausnir og áherslur hafnarstjórnar og sveitarfélagsins
- ✓Framhald vinnunnar

# Vinnufundur hafnarstjórnar

*Möguleg dagskrá*

Yfirferð á grunnupplýsingum (Ísafjarðarbær og eða ráðgjafi)

Innlegg frá Majid Eskafi – sveigjanlegar hafnir

Stoppað í götin (upplýsingum bætt við)

Hugleiðingar um áskoranir og lausnir

Sammælst um aðferð við frekari vinnu

# Samantekt

Hafnirnar eru þungamiðja í fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu (vörn í sókn)

Margir hafa áhrif á starfsemi hafnanna og margir verða fyrir áhrifum af henni

Mikilvægt er því að ná sátt um framtíðarskipulagið og eiga samtal við þessa aðila

Sveitarfélagið ber ábyrgð á stefnunni - sýn hafnarstjórnar mikilvæg

Horfa þarf heildstætt á nýtingu og skipulag hafnarinnar og næsta nágrennis

Einn af hornsteinum aðalskipulags 2020-2032

VERKÍS